LANDGRÆÐSLA
RÍKISINS



Umhverfisnefnd Alþingis
b.t. Ólafs Arnar Haraldssonar
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 121 / 111
Móttekið mánudagur 19 / 11 1996

Gunnarsholti, 5. nóvember 1996

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um varðveislu ósnortinna víðerna

Landgræðsla ríkisins tekur undir megin hugmyndir sem felast í ofangreindri tillögu. Rétt er þó að benda á eftirfarandi atriði.

1. Strangt til tekið fyrirfinnst vart ósnortið víðerni hér á landi nema þá helst jöklar. Svo mikil áhrif hefur aldalöng beit haft á vistkerfi hálendisins að gróðurlendi í "upprunalegu" ástandi eru vandfundin. Um 40% Íslands falla undir skilgreiningar alþjóðasáttmálans um varnir gegn myndun eyðimarka. Notkun orðtaksins "ósnortið víðerni" um efnisatriði þingsályktunartillögunar er því óheppileg og gefur alranga mynd af því sem við er átt.

2. Með öllum þeim lagabálkum um skipulag, náttúruvernd, umhverfismat o.fl. er ekki líklegt að fleiri umhverfisslys á hálendi landsins verði alveg á næstunni. Því er lagt til að síðasta setning ályktunarinnar verði felld út úr tillögunni.

3. Æskilegt væri að Landgræðsla ríkisins ætti fulltrúa í umræddri nefnd verði tillagan samþykkt. Lög um landgræðslu gilda jafnt um hálendi og láglendi.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins

Sveinn Runólfsson
landgræðslustjóri

Gunnarsholt · 851 Hella
Sími: 487 5500 · Telefax: 487 5510 · Kennitala: 710169-3659